



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. nóvember

2018

USK2018070041

5.12

UMSÖGN

Viðtakandi: Ráðhús Reykjavíkur

Sendandi: Edda Ívarsdóttir

Umsögn vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um torg í biðstöðu við Kaffi Vest - R18070143

Á fundi borgarráðs þann 11. október 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

„Hver sótti um verkefnið torg í biðstöðu fyrir utan Kaffi Vest? Hverjir ákváðu hvaða verkefni í torg í biðstöðu yrðu fyrir valinu? Hverjir sóttu um fyrir hönd verkefnisins torg í biðstöðu í þeim verkefnum sem voru valin til úthlutunar?“

Fyrirspurnin var send umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Flores Axel Böðvarsson Terry, Samúel Aron Guðlaugsson og Styrmir Níelsson stóðu að verkefninu **Parklet/Hvflustæði** sem stendur við Melhaga/Hofsvallagötu.

Starfsmenn borgarhönnunar fóru yfir allar umsóknir sem bárust. Völdu verkefni til þátttöku og gerðu samning um greiðslur til umsækjanda. Starfsmenn borgarhönnunar eru: Edda Ívarsdóttir, verkefnastjóri borgarhönnunar og Ólafur Ingibergsson, sérfræðingur.

Verkefnisstjórar Torga í biðstöðu sækja um afnotaleyfi á borgarlandi fyrir hönd þeirra verkefna sem valin eru hverju sinni.

Einnig er vísað í meðfylgjandi umsögn dags. 26. september 2018 vegna fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um Torg í biðstöðu - R18070143

Meðfylgjandi er einnig skýrsla um Torg í biðstöðu 2018 en þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar er varða verkefnið.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Edda Ívarsdóttir

Edda Ívarsdóttir

Verkefnisstjóri borgarhönnunar



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 26. september

2018

USK2018070041

5.12

Ráðhús Reykjavíkur

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa
Sózialistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um Torg í biðstöðu - R18070143***

Á fundi borgarráðs 19. júlí 2018 var óskað eftir ítarlegum upplýsingum um hvaða reglur gildi um Torg í biðstöðu, forgangsröðun þeirra og kostnað við þessi verkefni. Jafnframt var þess óskað að fram færi kynning á þeim verkefnum, sem í gangi voru sumarið 2018 í verkefninu „Torg í biðstöðu“. Kynning fór fram á fundi borgarráðs 6. sept 2018.

Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið í gangi á torgum og almenningsvæðum í borginni frá árinu 2011. Markmið verkefnisins eru að lífvæða og endurskilgreina svæði með tímabundnum lausnum, stuðla að sjálfbærri þróun svæða, auka fjölbreytta notkun almennings á svæðunum og styðja við þær áherslur sem settar eru fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, m.a. um skipulag vistvænna hverfa, vistvænar samgöngur og gæði byggðar.

Ábyrgð og framfylgd verkefnisins er hjá starfsmönnum borgarhönnunar á skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Í mars er auglýst eftir umsóknum fyrir sumarið. Auglýsingin er birt á vef borgarinnar, miðlað á samfélagsmiðlum Reykjavíkurborgar og fréttatilkynning send á alla helstu fjölmiðla. Í umsóknum er óskað eftir ítarlegri lýsingu á fyrirhuguðu verkefni og kostnaðaráætlun, ferilskrá umsækjenda og rökstuðningi á því hvernig verkefnið styður við markmið Torga í biðstöðu og Aðalskipulags Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er u.þ.b. mánuður.

Verkefnin eru alla jafna í gangi á tímabilinu maí til september og geta ýmist verið viðburðarhald af einhverjum toga, innsetning/endurhönnun á svæði eða hvorttveggja í senn. Dæmi eru um verkefni sem fengið hafa framhaldslíf eða verið undanfari varanlegri framkvæmda.

Starfsmenn borgarhönnunar fara yfir allar umsóknir sem berast, velja verkefni til þátttöku og gera samning um greiðslur til umsækjenda. Greiðslurnar standa bæði undir efniskostnaði og vinnu umsækjenda. Greiðslurnar eru afgreiddar í tvennu lagi, 60% við upphaf verks og 40% við verklok. Við val á umsóknum er fyrst og fremst lagt mat á hversu vel hugmyndin samræmist markmiðum verkefnisins og hver áætlaður kostnaður er. Einnig er litið til þess hvort sama eða sambærilegt verkefni hefur áður verið valið til þátttöku og hver reynslan af því hefur verið.

Í ár voru sjö verkefni unnin undir merkjum Torga í biðstöðu:

- **BOX – Götumatarmarkaður í Skeifunni**
 - o Kostnaður: 5.000.000 kr. + vsk
- **Sólgarðar – Borgarbúskapur í Sóltúni**
 - o Kostnaður: 2.600.000 kr.
- **Hvílustæði (Parklet) – Melhagi/Hofsvallagata**
 - o Kostnaður: 1.500.000 kr.
- **Pocce – Bocciavellir á Vítatorgi**
 - o Kostnaður: 2.000.000 kr.
- **Precious Plastic – Plastendurvinnslustöð í Skeifunni**
 - o Kostnaður: 2.700.000 kr.
- **Kvöldfriður – Yogakvöld í Laugarnesi, 4 skipti**
 - o Kostnaður: 130.000 kr.
- **Pop-up Yoga – Yogatímar víðsvegar um borgina, 13 skipti**
 - o Kostnaður: 550.000 kr.

Edda Ívarsdóttir

Verkefnastjóri borgarhönnunar



2018 TORGÍ BIÐSTÖÐU

**SKRIFSTOFA
SAMGÖNGUSTJÓRA OG
BORGARHÖNNUNAR**

www.reykjavik.is/torg-i-bidstodu





UM TORG Í BIÐSTÖÐU

Torg í biðstöðu verkefnið hefur verið í gangi á torgum og almenningssvæðum í borginni frá árinu 2011. Verkefnið snýst um að lífvæða og endurskilgreina svæðin með tímabundnum lausnum. Svæðunum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi. Verkefnið stendur að jafnaði yfir frá maí til september ár hvert.

Í ár voru umsækjendur hvattir til að velta fyrir sér möguleikum almenningsrýma utan miðborgarinnar og hvernig verkefnin gætu styrkt önnur hverfi og auðgað mannlíf þeirra í takt við markmið Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

Verkefnastjórn Torg í biðstöðu í ár var í höndum Eddu Ívarsdóttur verkefnisstjóra borgarhönnunar og Ólafs Ingibergssonar sérfræðings á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur. Ráðinn var sumarstarfsmaður til starfa við Torg í biðstöðu, Margrét Lilja Margeirsdóttir.



VERKEFNI SUMARSINS

Þann 2. mars 2017 var auglýst eftir verkefnum í Torg í biðstöðu. Auglýsing var birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar og miðlað á Facebook-síðum Reykjavíkur og Torg í biðstöðu. Auglýstur umsóknarfrestur var til og með 25. mars.

Alls bárust tólf umsóknir en ákveðið var að vinna að átta verkefnum í sumar. Verkefnin voru unnin í Vesturbæ, Miðborginni og Laugardal, auk þess sem eitt verkefni flakkaði milli staða víðsvegar um borgina.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um hvert verkefni.

BOX: SKEIFAN



Í júní og júlí var götumarkaðurinn BOX starfandi í Skeifunni. Verkefnið var samstarfsverkefni Reykjavík Street Food ehf., Reita fasteignafélags hf. og Torg í biðstöðu.

Á bílastæðinu vestan megin við Rúmfatalagerinn reis upp gámaþorp sem myndaði umgjörð svæðisins. Veitingavagnar seldu fjölbreyttar krásir auk þess sem hægt var að kaupa drykki á BOX bar. Einnig voru sprettiverslanir (*pop-up shop*) sem komu yfir tímabilið.

**Róbert Aron
Magnússon og
Arnór Gíslason**
REYKJAVÍK STREET
FOOD

BOX: SKEIFAN



BOX-ið var skemmtilegur viðkomustaður í sumar sem stuðlaði að fjölbreyttri og blómlegri götumatarflóru í Reykjavík. Yfirgripsmikil viðburðardagskrá, fjölbreytt afþreying og úrval söluaðila á svæðinu bjó til skemmtilega stemmningu á svæðinu og laðaði að fjölda fólks. Leikir á heimsmeistaramótinu í fótbolta voru sýndir á risaskjá auk þess sem tónlistarfólk og plötusnúðar fluttu tónlist.

70 veitingarstaðir sýndu verkefninu áhuga og voru 20 aðilar sem fóru í gegnum ferli hjá stjórnendum BOXsins. Á meðan á verkefni stóð var mismunandi hversu langan tíma hver veitingastaður/matvagn var á svæðinu, allt frá einum degi og upp í allan tímann. Jömm, Indican, Magellan og Flatbökubíllinn eru þeir veitingarstaðir sem voru meira eða minna allan tímann.

A group of people are gathered in a community garden. There are several raised garden beds made of wooden pallets, some containing plants. A wooden structure, possibly a pergola or a small shelter, is in the background. People are standing, sitting, and talking. The garden is surrounded by trees and a building in the distance.

02

BORGARBÚSKAPUR: SÓLGARÐAR

Sólgarðar var matjurtagarður í Sóltúni þar sem ræktunarkerjum var komið fyrir ásamt bekkjum og borðum. Hlíf og Steinunn sáu um ræktun og umhirðu garðsins í sumar en nágrannar og aðrir áhugasamir voru hvattir til að koma og fylgjast með ræktuninni, taka þátt og njóta afurðanna. Auk gróðurkerjanna sem komið var fyrir var byggt lítið gróðurhús sem jók tegunda-fjölbreytni í garðinum.

Tvö fræðsuerindi voru haldin í garðinum í sumar, um matvælaræktun og matarsóun.

Garðinum var mjög vel tekið af íbúum í hverfinu sem sóttu þangað ýmislegt góðgæti og sól í hjarta.

**Hlíf
Böðvarsdóttir
og
Steinunn
Garðarsdóttir**



03

POCCE: VITATORG

Hugmynd verkefnisins var að útbúa Boccia velli á Vitatorgi, en torgið var sérstaklega valið þar sem það er kjörinn staður til að sameina kynslóðir; þar ganga eldri borgarar daglega í gegn og yngri fólk sækir þjónustu í kringum torgið.

Settir voru upp tveir vellir sem umkringdir voru bekkjum og borðum. Samstarf var við kaffihúsin í nágrenninu, KEX Hostel, en þar var hægt að fá lánaðar kúlur til að spila leikinn. Einnig var gott samstarf við húsfélagið á Lindargötu og íþróttafélagið Ösp sem héldu mót á torginu.

**Helgi Páll
Melsteð
og
Ólafur Þór
Kristinsson**



04

PRECIOUS PLASTIC: SKEIFAN

Markmið verkefnisins var að auka áhuga á plastendurvinnslu með að bjóða upp á beina þátttöku almennings í endurvinnsluferlinu. Starfrækt var plastendurvinnslustöð í BOXinu, Skeifunni.

Precious Plastic starfar eftir frjálsri hugmyndafræði og því eru öll hönnun, jafnt endurvinnsluvélarnar og nytjahlutir sem eru hannaðir af samtökunum ókeypis á vefsíðu samtakana www.preciousplastic.com.

**Björn Steinar
Blumenstein
og
Brynjólfur
Stefánsson**

POP UP YOGA



Pop-Up Yoga Reykjavík hefur boðið upp á ókeypis jóгатíma á sumrin víða um Reykjavík síðan vorið 2014. Pop-Up Yoga Reykjavík er hugsjónastarf sem miðar að því að færa jóga til fólksins og skapa skemmtilega stemningu víða um höfuðborgina á sumrin. Tímarnir eru ókeypis og öllum er velkomið að taka þátt.

Verkefnið hefur gengið vel síðustu ár. Þátttakendur hafa verið fólk af öllum aldri, kyni og getu, bæði höfuðborgarbúar og ferðamenn.

Helga Ólafsdóttir
POP UP YOGA
REYKJAVÍK

KVÖLDFRIÐUR



Fjögur kvöld í sumar var boðað til Kvöldfriðar í Laugarnesinu sem voru jóгатímar undir handleiðslu Sigrúnar Höllu.

Tímanir voru haldnir kl. 22, þegar dásamlegur friður ríkti, fuglarnir sungu sinn kvöldsöng og börnin voru farin í háttin. Þá var dásamlegt fyrir foreldra að læðast út og gera léttar jógaæfingar í góðum hópi. Allir komu með bolla með sér og fengu te á eftir og settust niður og spjölluðu við nágrannana og styrktu tengslin.

Í hvert skipti mættu á bilinu 15 til 30 manns í Kvöldfriðinn.

**Sigrún Halla
Unnarsdóttir**



07 HVÍLUSTÆÐI

Hvílustæði (*parklet*) er svæði þar sem bílastæði er tímabundið gefið nýtt hlutverk. Það er framlenging á gangstéttinni og er innréttað svo það nýtist sem dvalarsvæði fyrir fólk.

Flores, Samúel og Styrmir hönnuðu hvílustæði með setsvæðum og gróðri sem ætlað var að þjóna fólki sem sækir í verslun og þjónustu á svæðinu.

Hvílustæðið var staðsett við Melhaga við gatnamót Hofsvallagötu þar sem Kaffihús Vesturbæjar og Brauð og co eru til húsa.

**Flores Axel
Böðvarsson Terry,
Samúel Guðlaugsson
og
Styrmir Níelsson**



08

REGNBOGAMÁLUN

Hefð hefur orðið að mála regnboga í Reykjavík á Hinsegin dögum og málningarvinnan markar upphaf hátíðarinnar. Í ár voru gleðirendur málaðar á Skólavörðustíg þann 7. ágúst.

Regnabogamálunin er samstarf Torg í biðstöðu og Hinsegin daga.

Hinsegin daga